



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag

636. stjórnarfundur þriðjudaginn 25. mars 2025 kl. 17:00

Mætt: Björg Hafsteinsdóttir, Garðar Már Newman, Eva Björk Sveinsdóttir, Jónína Steinunn Helgadóttir, Sveinbjörg Sigurðardóttir, Garðar Örn Arnarson, Stefán Guðjónsson, Guðmundur Steinarsson og Birgir Már Bragason, framkvæmdastjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð samþykkt.

2. Innkomin bréf

Tölvupóstur frá Helga Hólm varðandi stökkmót í maí.

Tölvupóstur frá Taekwondo. Íslandsmót 29. mars í Heiðarskóla.

Tölvupóstur frá svæðisstöðvum íþróttahéraða vegna málþings um íþróttaiðkun barna með fatlanir á suðurnesjum.

Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni vegna Reykjaneshallar og Fimleikahússins.

3. Send bréf

Tölvupóstur sendur á Hafþór B. Birgisson og Evu Stefánsdóttur vegna hitakerfis á HS Orku vellinum.

Tölvupóstur sendur á Hafþór B. Birgisson og Evu Stefánsdóttur vegna aðstöðu fimleikadeildar í Keili.

Tölvupóstur sendur á Hafþór B. Birgisson og Evu Stefánsdóttur vegna uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Tölvupóstur sendur á Hafþór B. Birgisson íþrótt- og tómstundafulltrúa fyrir hönd Taekwondodeildar. Beiðni um styrk á keppniskerfi.

4. Stökkmót Keflavíkur

Helgi Hólm sendi erindi og óskaði eftir tíma fyrir stökkmót Keflavíkur í íþróttahúsinu við Sunnubraut laugardaginn 24. maí. Keppt verður í hástökki, langstökki og þristökki með og án atrennu. Einnig óskaði Helgi eftir aðstoð frá félaginu við framkvæmd mótsins. Búið er að bóka salinn og tók aðalstjórn vel í verkefnið.

5. Silfurmerki UMFÍ

Eftir að ÍRB fékk beina aðild að UMFÍ þá þarf félagið (Keflavík) að sækja um tilnefningar til bandalagsins ef það vill óska eftir að sæma einhvern féлага merki UMFÍ.

Heiðursveitingin fer svo fram á ÍRB þingi. Framkvæmdastjóra falið að fara yfir lengd stjórnarsetu fólks og koma með tillögur um tilnefningar.

6. Keppniskerfi Taekwondo

Framkvæmdastjóri félagsins ásamt Atla formanni taekwondodeildar fóru á fund ÍT ráðs og óskuðu eftir styrk til kaupa á keppniskerfi fyrir deildina. Taekwondodeild hefur verið að óska eftir þessu kerfi síðan 2018 og er því alltaf vísað í fjárhagsáætlun næsta árs. ÍT ráð tók vel í málið og vísaði því til bæjarstjórnar. Bæjarstjórn vísaði málinu til Hafþórs B. Birgissonar íþrótta- og tómstundafulltrúa. Ákveðið að leggja til styrk frá félaginu og eiga samtalið við Hafþór með þetta mál.

7. Ýmis erindi félagsins hjá Reykjanesbæ

Keflavík er með þrjú erindi hjá Reykjanesbæ er varðar hitakerfið á HS Orku vellinum, aðstöðu í Keili fyrir hóp fimleika og stöðu á uppbyggingu íþróttamannvirkja. Þessi erindi eru enn í vinnslu hjá sveitarfélaginu. Það er búið að gera drög að samningi við félagið varðandi aðstöðu í Keili á Ásbrú og er bæjarráð með það hjá sér til umfjöllunar. Varðandi íþróttauppbygginguna vestan Nettóhallar þá er svarið eftirfarandi „Í ljósi yfirlýsingar frá framkvæmdastjóra UMFN vegna uppbyggingar á Afreksbraut hafa upprunalegar forsendur breyst og verkefnið tafist. Bæjarstjóra var falið að vinna málið áfram og er það ennþá á því stigi. Við þessu má bæta að undirbúningur fyrir útboðsgögn á lóð á Akademiúreitnum er í vinnslu“. Ákveðið að framkvæmdastjóri bóki fund með bæjarstjóra.

8. Önnur mál

- A. Heimasíða Keflavíkur. Dacoda getur ekki séð heimsóknir inn á síðuna.
- B. Myndataka stjórnar, framkvæmdastjóri ætlar að athuga með 8. apríl kl. 16:30.
- C. Umræða um heiti framkvæmdastjóra deilda. Ákveðið að ræða á formanna- og gjaldkerafundi.
- D. Þorablót Keflavíkur. Fulltrúum aðalstjórnar, framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra falið að fá fund með fulltrúum þorablótsnefndar.
- E. Málþing - Börn með fatlanir á Suðurnesjum. Umræða um þingið og hvernig aðalstjórn getur aðstoðað við að auka þátttöku barna.
- F. Þjálfarar fimleikadeildar hafa allir farið á skyndihjálparnámskeið. Framkvæmdastjóri býður öllum þjálfurum deilda á námskeið.
- G. Ákveðið var að halda formanna- og gjaldkerafund 10. apríl kl. 18:00.

Fundi lokið kl. 19:00.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 8. apríl kl. 17:00.

Fundinn ritaði Eva Björk Sveinsdóttir.

